

Alþingi  
Erindi nr. P 140/37  
komudagur 4.11.2011

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

b.t. Kristjönu Benediktsdóttur

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um formlega innleiðingu fjármálareglu, 14. mál**

Vísað er í beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingum um umsögn um framgreinda þingsályktunartillögu sem barst samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál í tölvupósti þann 24. október sl.

Þingsályktunartillagan var kynnt á fundi samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál þann 25. október sl. og endanlega afgreidd á fundi nefndarinnar þann 4. nóvember. Niðurstaða fundarins var að nefndin skyldi ekki veita almenna umsögn en í staðinn vil hún vinsamlegast koma á framfæri eftirfarandi ábendingum:

1. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur að brýnt sé að sveitarfélög taki upp og fylgi fjármálareglu sem endurspegli hagstjórnina á landsvísu. Í þessu sambandi er vísað í ný sveitarstjórnarlög sem samþykkt voru á Alþingi í september sl. Lögin innihalda nýmæli um fjármálareglur sem snerta kröfu um jafnvægi í rekstrarafkomu og skuldabak sveitarfélaga.
2. Einnig kemur fram í greinargerðinni það álit flutningsmanna þingsályktunarinnar að styrkja þurfi samráð og samstarf ríkis og sveitarfélaga í efnahagsmálum. Á undanförnum tveimur árum hefur samráð ríkis og sveitarfélaga á vettvangi efnahagsmála styrkst verulega, meðal annars með auknu starfi samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál. Sem dæmi má nefna samstarf um mótun fjármálareglna sveitarfélaga. Afrakstur af þessu samstarfi var síðan notaður í frumvarp til sveitarstjórnarlaga sem samþykkt var af Alþingi í september sl. eins og áður segir.

Reykjavík, 4. nóvember 2011

f.h. samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál

---

Gunnlaugur Júlíusson formaður